

284. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 4. febrúar 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mættir:

Kristín Björg Árnadóttir
 Kristjana Hermannsdóttir
 Björn H Hilmarsson
 Rögnvaldur Ólafsson
 Fríða Sveinsdóttir
 Svandís Jóna Sigurðardóttir
 Ari Bent Ómarsson í forföllum Kristjáns Þórðarsonar
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1. **Fundargerð 94. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 28. janúar 2016.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. **Fundargerð 138. fundar menningarnefndar, dags. 26. janúar 2016.**
Varðandi 4. lið þá vill bæjarstjórn benda menningarnefnd á samninginn sem búið er að gera við Frystiklefann um menningarpassa fyrir ungt fólk á aldrinum 16-20.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. **Fundargerðir aðalskipulagsnefndar Snæfellsbæjar, frá 21. nóvember 2014 til 29. janúar 2016.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
4. **Fundargerð 155. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 5. janúar 2016.**
Lagt fram til kynningar.
5. **Fundargerð 132. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 27. janúar 2016.**
Lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerð 25. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 15. janúar 2016.**
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar vill taka undir bókun samtakanna í lið 4 í fundargerðinni og styður hana heilshugar.
Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð 381. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 18. janúar 2016.**
Lagt fram til kynningar.
8. **Aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi, dags. 18. febrúar 2016.**
Lagt fram til kynningar.
9. **Bréf frá Áttthagastofu Snæfellsbæjar, dags. 2. febrúar 2016, varðandi breytingu á sýningu í Pakkhúsinu.**
Lagt fram til kynningar.
10. **Bréf frá aðstandendum Sandara- og Rifsaragleðinnar, dags. 1. febrúar 2016, varðandi fyrirkomulag hátíðarinnar.**
Snæfellsbær mun koma að undirbúningi hátíðarinnar með sama hætti og undanfarin ár.
11. **Bréf frá menningarnefnd Snæfellsbæjar, dags. 27. janúar 2016, varðandi uppbyggingu og starfsemi Pakkhússins.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins þar til búið er að skoða málið betur.

Handwritten signatures and initials, including "BWA", "WA", "ES", and "KAT".

12. Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 25. janúar 2016, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Á eyrunum ehf. um breytingu á rekstrarleyfi sínu vegna Traða þannig að leyfið verði vegna reksturs gististaðar í flokki II og veitingastaðar í flokki II. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins þar til lagður er fram samningur um sorphirðu við sorphirðufyrirtæki.
13. Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 2. febrúar 2016, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Bjargar Pétursdóttur um endurnýjun á rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II á Gíslabæ á Hellnum. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins þar til lagður er fram samningur um sorphirðu við sorphirðufyrirtæki.
14. Bréf frá Aflmark ehf., dags. 1. febrúar 2016, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að v/b Ásdísi SH-154, skipaskrárnúmer 2794. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti að v/b Ásdísi SH-154, skipaskrárnúmer 2794.
15. Bréf frá Menntamálaráðuneytinu, dags. 29. janúar 2016, varðandi tilnefningu aðalfulltrúa í skólanefnd Fjölbautaskóla Snæfellinga. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að tilnefna Hilmar Már Arason í skólanefnd Fjölbautaskólans.
16. Bréf frá Áttthagastofu Snæfellsbæjar, dags. 2. febrúar 2016, varðandi ósk um styrk til enduropnunar á Sjávarsafninu í Ólafsvík. Kristjana vék af fundi undir þessum lið. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins til næsta bæjarráðsfundar.
17. Minnispunktar bæjarstjóra.
- Forseti bæjarstjórnar kynnti fræðsluferð sveitarstjórnarfulltrúa sem fyrirhuguð er 24. – 28. apríl.
 - Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.
 - Bæjarstjóri ræddi brunavarnaáætlun Snæfellsbæjar en vinna stendur yfir við hana.
 - Bæjarstjóri sagði frá fjarskiptamálum sunnan heiðar.
 - Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit 2015.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:05




Kristín Björg Árnadóttir



Kristjana Hermannsdóttir



Friða Sveinsdóttir




Björn H Hilmarsson




Svandís Jóna Sigurðardóttir




Rögnvaldur Ólafsson



Ari Bent Ómarsson



Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Lilja Ólafardóttir, bæjarritari